

Hagar verslanir ehf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 13. október 2021
UST202109-233/B.B.B.
07.05.02

Niðurstöður eftirlits í kjölfar ábendingar – Málslok

Umhverfisstofnun barst ábending um að sæfivaran, **Abena Handspritt Gel**, sem er til sölu í verslunum Hagkaupa, uppfylli mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Við eftirlit í Hagkaupum í Skeifunni þann 10. september sl. fannst umrædd vara til sölu og við skoðun hennar kom í ljós að hún uppfyllti ekki skilyrði um merkingar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 878/2014 og lið 3.2 í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) sem innleiddur er inn í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Vöruhúsið Aðföng undir fyrirtækinu Hagar verslanir ehf. er ábyrgt fyrir markaðsetningar umræddrar vöru í skilningi efnalaga og hefur sent staðfestingu þess efnis að varan með uppfærðum merkingum frá framleiðanda sem standast kröfur efnalaga og reglugerða setta á grundvelli laganna er nú þegar komin til landsins og eru verslanir að klára birgðar af eldri útgáfu vörunnar. Umhverfisstofnun hefur einnig fengið staðfestingu á því að endurbætt vara er komin í hillur Hagkaupa í Skeifunni til sölu fyrir almenning. Að því framansögðu gerir Umhverfisstofnun ekki kröfur um úrbætur og telst málinu lokið

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með handsóttthreinsinum Abena Handspritt Gel og því aðeins gerðar athugasemdir við þá vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem vöruhúsið Aðföng undir Hagar verslanir ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara og kröfur er varða flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/> og <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um sæfivöru og hættuflokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í síma 591-2000. Nánari upplýsingar um efni bréfsins eða meðfylgjandi eftirlitsskýrslu veitir Bergdís Björk Bæringsdóttir í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið bergdisbb@ust.is.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla